



FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur mánudaginn 10 nóvember kl. 16.00 í gegnum TEAMS.

Mætt voru: Kristinn Jónasson, formaður, Finnbogi Leifsson, Emil K Sævarsson, Steinunn Magnúsdóttir, Eva Margrét Jónudóttir, Magni Grétarsson og Ómar Örn Kristófersson. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

1. Fundur settur.

2. Fundargerð síðasta fundar frá 23. júní 2025

Samþykkt

3. Gjaldskrá og ábyrgðargjald ársins 2026

Tillaga að hækkun lögð fram og samþykkt. Ábyrgðargjald 0,70 kr. pr. kg.
Samþykkt.

4. Fjárhagsáætlun ársins 2026 drög til samþykktar

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun.

Farið yfir verkefni félagsins og þau rædd. Nú er framkvæmdum við urðunarrein nr. 5 að mestu lokið. Heildarkostnaður verkefnisins er 95% af tilboði Óskataks ehf. sem var 377.996.635 kr.

Framkvæmdastjóra falið að vinna greiningarvinnu reksturs fyrirtækisins.

Farið yfir stöðu Sorpurðunar Vesturlands hf.

5. Framkvæmdir og staða í Fíflholtum

a. Urðunarrein nr. fimm

Lögð fram lokaúttekt framkvæmdar í Fíflholtum og upplýsingar um heildarkostnað framkvæmdar.

b. Sigvatnskerfi

Í ferli er hönnun á sigvatnskerfi frá urðunarrein nr. fimm.

c. Sorpmagn fyrstu tíu mánuðina er 14.312 tonn á móti 15.884 tonnum árið 2024.
Um er að ræða 10% samdrátt í magni á milli ára.

6. Eftirlitsskýrsla UST 23.06.25

Lögð fram og rædd.

7. Þjónustu- og starfsmannahúsnæði

Verksamningur um þjónustuhúsnæði lagður fram. Trésmiðjan Akur mun smíða húsið.

8. Þjónustusamningar við sveitarfélög á Vestfjörðum.

- a. Framkvæmdastjóri greinir frá. Vesturbyggð og Ísafjarðarbær hafa endurnýjað sína þjónustusamninga en Bolungarvík ekki.

9. Fundargerðir frá Úrvinnslusjóði.

- a. **Úrvinnslusjóður 18.09.2025**

Lögð fram

b. endurvinnsla á drykkjarfernum.

Lögð fram greining Hagfræðistofnunar um endurvinnslu á drykkjarfernum.

Framkvæmdastjóri greinir frá.

10. Önnur mál

- a. **Haustfundur FENÚR 14.11.2025**

Framkvæmdastjóri greinir frá en haustfundur FENÚR verður haldinn 17. nóvember n.k.

- b. **Vegagerð**

Lögð kostnaðaráætlun um lagningu klæðningar eða malbiks á veginn frá Hraunhreppsvegi heim að Fíflholtum. Umræður urðu um kosti og galla m.t.t. efnisvals og kostnaðar.

- c. **Staða á reikningum og innlánsvextir**

Lagt fram yfirlit yfir peningalega stöðu.

11. Fundarslit

Fundi slitið kl. 17:40